

og framleiðsluvörum aðiljanna og bendir á þeim mótmælum sínum til stuðnings, að stefnandi hafi ekki kvartað yfir notkun firmanafnsins eða vörumerkisins fyrr en nokkru áður en mál þetta var höfðað, enda þótt firmanafnið hafi þá verið búið að vera í notkun um margra ára skeið.

Telja verður, að orðið „Lillu“ sem vörumerki stefnanda njóti ekki verndar, nema í þeirri sérkennilegu mynd, sem það er skrifað og skráð. Var stefnda því heimilt að taka upp orðið „Lilla“, sem er almennt orð, og nota það í firmanafni sínu og vörumerki, en í vörumerkinu er orðið aðeins eitt af einkennum vörumerkisins í heild, en ekki skráð sjálfstætt sem vörumerki. Þá er augljóst, að vörumerki stefnanda og stefnda, sem lýst hefur verið hér að framan, eru mjög ólík og þau eru, eins og áður er sagt, hvort um sig skráð fyrir sínar sérstöku vörur. Svo eru og firmanöfn stefnanda og stefnda allsendis ósvipuð. Verður því ekki séð, að orðið „Lilla“ í firmanafni stefnda og vörumerki geti valdið hættu á því, að almenningur blandi saman eða villist á fyrirtækjum eða framleiðsluvörum aðilja máls þessa. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Nærfataverksmiðjan Lilla h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f Efnagerðar Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Kærumálið nr. 5/1953.

Edda h/f

gegn

Verzlunarfélagi Snæfellinga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. marz 1953, sem hingað barst 31. s. m., hefur sóknaraðili kært ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur 21. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður í nefndu bæjar-

þingsmáli honum til handa verði hækkaður og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur hlutafélagið Edda, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. f. m. gegn Verzlunarfélagi Snæfellinga, Stykkishólmi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 32.696.11 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og málskostnaðar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vörukaupa.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið og er þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.100.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlunarfélag Snæfellinga, greiði stefnanda, h/f Eddu, kr. 32.696.11 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og kr. 2.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.